



HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Samvinna í barnavernd

Anni G. Haugen, lektor

Málstofa um barnavernd  
28. janúar 2008

# Samvinna í barnavernd

- ein mikilvægasta forsenda þess að takist að vinna að breytingum á umönnun og aðbúnaði barna
- þarf að eiga sér stað á öllum stigum málsins – allt frá könnun og þar til máli er lokað

# Krafa um þátttöku

- vaxandi krafa notenda, neytenda og skjólstæðinga opinberrar þjónustu um að vera virkir þátttakendur í að móta þá tegund þjónustu sem veitt er og forsendur þess að njóta hennar
- m.a. afleiðing réttindabaráttu fjölmargra hópa og eru áhrif ný-frjálshyggjunnar (Williams 2001; Slettebö og Seim 2007; Ingrin Aamodt,2006))
- einnig áhrif samnings sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og breyttar hugmyndir um börn og réttindi þeirra (dóms- og kirkjumálaráðuneytið 1995)

# Barnavernd

- áhersla á að vernda barnið
  - barnið í ákveðinni hættu
  - einblínt á hegðun foreldra
  - litið á barnið sem óvirkan þolenda
- áherslan á að efla og styrkja fjölskyldur (empowering)
  - barnið og fjölskyldan virkir einstaklingar
  - einstaklingarnir eiga rétt og leggja á

ráðin um nauðsynleg afskipti (Stanley, 2006)

# Barnaverndarlög

- Lög um barnavernd nr. 43/1932
  - engin ákvæði um samstarf við börn eða foreldra
- Lög um vernd barna og ungmenna nr. 29/1947
  - leita skal umsagnar foreldra eða ungmennis áður en framkvæmdir eru meiri háttar ráðstafanir
- Lög um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966
  - „að jafnaði skal það ráð upp taka sem ætla má að barni sé fyrir bestu“
  - foreldrum og öðrum forráðamönnum barns gefinn kostur á að tjá sig um mál og barn getur komið á fund nefndarinnar

# Barnaverndarlög

- Lög um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992
  - börn fá rétt til að tjá sig um mál
  - skylt að leita álits barns þegar það var orðið 12 ára
  - heimilt að skipa barni talsmann sem ætlað var að koma sjónarmiðum þess til skila
- Barnaverndarlög nr. 80 frá 2002
  - börnum sem orðin eru 15 ára veitt full aðild að eigin barnaverndarmáli
  - nokkrar greinar er varða sérstaklega samvinnu við börn(4., 23. og 43. gr.)

# Áhrif frá Barnasáttmálanum

- aukin réttindi barna
- réttur barns til verndar gegn ofbeldi og vanrækslu
- réttur barns til þess að fá upplýsingar, tjá sig og hafa áhrif á ákvarðanir er varðar það sjálft
- börnin orðið sýnilegri í barnaverndarvinnu

# Gagnrýni á barnaverndarkerfið

- lítil samvinna við foreldra og börn og ákvarðanir litaðar af forsjárhyggju
- hlustað er á og farið eftir hugmyndum foreldra og þá gjarnan á kostnað barnsins



# Takmarkanir á samvinnu í barnavernd

- fjölskyldan hefur sjaldnast val um hvort afskipti verða eða ekki
- hefur takmörkuð áhrif á tegund stuðningsúrræða
- innbyggt valdaójafnvægi sem leiðir m.a. til að bæði foreldrum og börnum finnst þeir oft í erfiðri stöðu til að hafna ákveðnum atriðum, taka frumkvæði að samskiptum eða mótmæla ákvörðunum

# Hvað er samvinna í barnavernd

- samvinna í daglegu starfi felur í sér að virkja foreldra, og börn þar sem við á, í að taka ákvarðanir er varða velferð barnsins, deila upplýsingum og láta fjölskylduna ætíð vita um næstu skref í málsmeðferð (Waterhouse og McGhee, 1998)

# “The ladder of citizen’s participation”

- í þátttöku felst ákveðið vald
- það að vera þátttakandi án þess að vera veitt vald getur verið afar ófullnægjandi
- mikilvægt að skilgreina í hverju tilviki hvað átt sé við með þátttöku

(Sherry Arnstein 1966)

# Á samvinna alltaf við?

- getur aukin samvinna við börn og foreldra í barnavernd leitt til minni þátttöku fagmanna?
    - börn og foreldrar látnir einir um að skilgreina vanda
    - þekking fagmanna og reynsla ekki nýtt
    - ef foreldrar og börn geti eingöngu tekið ákvarðanir þegar þeir eru sammála fagmanninum þá er þátttakan blekking

(Backe-Hansen, 2001)
  - hvenær og á hvern hátt á að virkja börn til þátttöku í erfiðum málum er varða þau sjálf?

(Littlechild, 2000; Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2005)
  - barnaverndarstarfsmenn virðist stundum hika við að taka af skarið og sýna nauðsynlega faglega ákveðni þegar þess er þörf vegna þess hve „góð“ samvinnan er við foreldrana
- (Anni G. Haugen, 2004; Slettebø og Seim, 2007)

# Hvað vitum við um samvinnu

- best að vinna með foreldrum sem voru jákvæðir og áhugasamir og áttu auðvelt með að tjá sig (Holland, 2000)
- betra er að fá upplýsingar frá öðrum sem þekkja barnið (Thoburn Lewis og Shemmings, 1995; Sanders og Mace, 2006)
- barnaverndarstarfsmenn telja sig oft skorta þekkingu, eða ákveðin verkfæri, til að tala við börn (Holland, 2000; Bell, 2002; Anni G. Haugen, 2004)

# Hvað vitum við um samvinnuna

- börnum eru oft ekki gefnar nægar upplýsingar um hvers vegna barnaverndarnefnd hafi afskipti af málum þeirra,
  - leiðir til þess að börnin eiga erfitt með að meta þá aðstoð sem þau fá (Sandbæk, 1999).
- við ákvarðanatöku í barnaverndarmálum eru sjónarmið foreldra nær alltaf ráðandi (Schofield og Thoburn, 1996)

# Hvað er vitað um Ísland

- við árið 2004 var leitað til barnanna í 64% við könnun mála
- 79 börnum var skipaður talsmaður
- 28 börn fengu styrk til að greiða lögmannskostnað

# Hvernig næst samvinna

- allir aðilar þurfa að geta haldið sjálfsvirðingu sinni
- gagnkvæm virðing þarf að ríkja
- áhersla þarf að vera á rétt barns og foreldra til að fá upplýsingar um gang málsins
- hver og einn þarf að geta lagt fram hugmyndir eftir getu og þekkingu (Thouburn o.fl., 1995; Sandbæk, 1995; Uggerhøj, 1995)
- forstendur samvinnu þurfa að vera öllum ljósar



# Íslenskar rannsóknir um samvinnu

- árið 2000 – lítið rætt við börn þegar mál var til meðferðar hjá bv. Reykjavíkur

(Halldóra Gunnarsdóttir, Rúnar Halldórsson og Stefanía Sörheller 2000)

- árið 2003 rætt við börn í um 80% tilvika

(Lísbet Karlsdóttir og Ottó Tulinius 2003)

# Íslenskar rannsóknir um samvinnu

- dr. Guðrún Kristinsdóttir (2004) Rannsókn á högum fósturbarna
  - fósturbörnin vissu yfirleitt ekki af starfsmönnum meðan þau voru í fóstri og langflest upplifðu engan stuðning frá barnaverndarstarfsmanni
- Anni G. Haugen (2004) Norræn rannsókn um beitingu úrræða
  - almennt mikil trú barnaverndarstarfsmanna á að hægt sé að ná samstarfi
  - ákveðin forsjárhyggja
- Hervör Alma Árnadóttir (2006) Meistaraprófsritgerð um þátttöku barna í fjölskyldusamráði
  - börnin lítið undirbúin undir þátttöku í fjölskyldusamráðsfundum
  - eftirfylgni var mjög takmörkuð af hendi barnaverndarstarfsmanna.

# Rannsókn um samvinnu í barnaverndarmálum við gerð áætlana

- 23. gr. bvl. um áætlun um meðferð máls
  - skal unnin í samvinnu við foreldra og eftir atvikum barns sem náð hefur 15 ára aldri
  - samráð skal haft við yngri börn
  - áætlunin á að vera skrifleg og tímabundin

# Markmið rannsóknarinnar

- að öðlast meiri skilning og þekkingu á því hvernig áætlun um meðferð máls nýtist sem tæki til að virkja barnið og foreldra til þátttöku
- að öðlast þekkingu á því hvernig samvinnan er í raun út frá sjónarhorni þeirra sem að henni koma
- rannsóknarspurningin: Hver er þáttur foreldra og barna við gerð áætlana um meðferð máls í barnaverndarmálum

# Framkvæmd rannsóknarinnar

- samstarf við fimm barnaverndarnefndir
- fyrsti hlutinn er innihaldsgreining á áætlunum um meðferð mála
- annar hlutinn er eigindleg rannsókn þar sem rætt er við starfsmenn þessara sömu nefnda um það á hvern hátt börn og foreldrar koma að gerð áætlana og um það hversu mikil áhrif þeir geta hafa á hana
- þriðji hlutinn eru eigindleg viðtöl þar sem rætt er við foreldra og börn um það hvort þeir telji sig hafa verið í samstarfi um gerð áætlunarinnar og hvort tekið hafa verið tillit til sjónarmiða þeirra og tillagna

# Diplómanám í barnavernd – 15e

- hefst haustið 2008
- Markmið
  - koma til móts við þörf fyrir þverfaglega þekkingu, bæði fræðilega og hagnýta á sviði barnaverndar.

- Ætlað nemendum sem lokið hafa ha' skolanámi í heilbrigðis- eða félagsvísindum og hafa starfsreynslu á sviði barnaverndar